

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupstað (I)



Dags eftirlits	4.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	746686,545 525979,673

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en fjórar ábendingar voru settar fram um að bæta þurfi skráningar í rekstrarhandbók, að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað og ávallt til taks í stöðinni, að hreinsa þurfi rusl við skilju II og að fylla þurfi upp í holu við lagnir inn í þróarvegg við skilju II.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Naustahvammi 53 og 57, Neskaupstað. Stöðin hefur leyfi til að geyma í stærsta geymi að Naustahvammi 53, allt að 4.000m³ af olíu og í stærsta geymi að Naustahvammi 57, allt að 2.130 m³ af olíu. Ekki er heimilt að taka á móti eða geyma bensín eða aðrar rokgjarnar olíutegundir í stöðinni. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsleyfið gildir til 20. janúar 2030.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020, og engar ábendingar voru settar fram. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og er umfangið álíka og verið hefur. Geymir í eigu Skeljungs, sem staðsettur er í stöðinni að Naustahvammi 57, var keyptur og verður hann rifinn.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Fjórir geymar eru í stöðinni að Naustahvammi 57, auk geymis sem keyptur hefur verið af Skeljungi og til stendur að rífa og er ein þró um þá alla. Í þrónni að Naustahvammi 53 eru tveir geymar, en einungis stóri geymirinn í notkun. Geymar merktir 740.01.00 og 740.05.00 voru þykktarmældir nú í ár og verið var að þykktarmæla geymi merktan 740.04.00 er eftirlitið fór fram. Aðrir geymar hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum. Næstu mælingar eru á geymum merktum 740.03.00 og 740.06.00 eiga að fara fram árið 2024. Níu lagnir eru í stöðinni, en hluti af þeim er samtengdur og þrýstiprófast í einu lagi. Voru þær allar þrýstiprófaðar á árunum 2019 og 2020 og stóðust þær prófið. Þrýstiprófa skal lagnir nr. 740.67.00 og 740.74.00 næst, árið 2024.

Olíu er landað að meðaltali einu sinni mánuði inn í stöðina en bensín er ekki geymt í stöðinni.

Olíuskiljurnar eru þjónustaðar reglulega og voru síðast tæmdar þann 1. október sl. Olíupróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli úr báðum olíuskiljum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, er eftirlitið fór fram og kom engin olía fram á þeim prófunum. Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað inn til móttökustöðvar sveitarfélagsins og er spilliefnakar til staðar á steypu plani við stöðina og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í starfsstöðinni og ábending sett fram um að bæta þurfi skráningarnar og þá sérstaklega varðandi mælingar og þjónustu við olíuskilju.

Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg og starfsleyfið til staðar. Bent var á að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olúheldar þrær skoðaðar. Nokkuð hefur safnast upp af rusli við þróna að Naustahvammi 53. Rekstraraðili benti á að það væri á vegum lóðarhafa á næstu lóð og ítrekað hafi verið óskað eftir betri umgengni þar en ekki hafi verið brugðist við þeim óskum. Er rekstraraðili hvattur til að ýta áfram á að umgengni verði bætt og að sjá til þess að rusl safnist ekki fyrir við olúskiljurnar og fjarlægji það sem þar safnast upp jafn óðum. Einnig var bent á að fylla þurfi upp í holu við lagnir inn í þróarvegg, við olúskilju II. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Girðingar voru í lagi og hlið stóð læst þegar að var komið. Umsjónarmaður er staðsettur á Reyðarfirði en fylgist með stöðinni reglulega.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skráningar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar og þá sérstaklega mælingar og þjónustu við olúskilju.

Einnig var sett fram ábending um að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Ábending var sett fram um að rusl hafi safnast upp við olúskilju II, að Naustahvammi 53. Rekstraraðili benti á að það væri á vegum lóðarhafa á næstu lóð (SVN) og ítrekað hafi verið óskað eftir betri umgengni þar en ekki hafi verið brugðist við þeim óskum. Er rekstraraðili hvattur til að ýta áfram á að umgengni verði bætt og að sjá til þess að rusl safnist ekki fyrir við skiljurnar og fjarlægji það sem safnast þar fyrir, jafn óðum.

Einnig var sett fram ábending um að fylla þurfi upp í holu við lagnir inn í þróarvegg, við olúskilju II.

Annað


Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Eitt óhapp varð árið 2021 þegar vart varð við olúbrák í höfninni eftir lestun á skip. Við því var strax brugðist og um lítið magn að ræða.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en

verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 14.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

